# Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

## Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2012

# Efnisyfirlit

**Bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra | **3** |
| Áritun óháðs endurskoðanda | **5** |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | **6** |
| Efnahagsreikningur | **7** |
| Eiginfjáryfirlit | **8** |
| Sjóðstreymisyfirlit | **9** |
| Skýringar og sundurliðanir | **10-22** |



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Kennitala: 580407-1100
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

**Lánveitingar og lántökur**

Útborguð langtímalán á tímabilinu námu 3.765 milljónum króna samanborið við 3.495 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sveitarfélög hafa heimild í lögum til að veita sjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum. Í lok tímabilsins voru 99% útlána sjóðsins til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með slíkt veð. Vanskil við undirritun þessa árshlutareiknings voru engin.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir og voru 3,1% í lok tímabilsins. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökur sjóðsins að viðbættu 0,05% vaxtaálagi til að koma til móts við rekstrarkostnað. Lánasjóðurinn hefur að jafnaði ekki verið með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum.

Á tímabilinu fóru fram skuldabréfaútboð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 2.675 milljónir króna að nafnvirði. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf.

**Afkoma og efnahagur**

Hagnaður tímabilsins nam 430 milljónum króna samanborið við 519 milljónir króna á sama tíma árið 2011.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok tímabilsins var 71.310 milljónir króna á móti 72.362 milljónum króna í árslok 2011. Útlán sjóðsins námu 62.392 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé nam 15.084 milljónum króna á móti 15.129 milljónum króna í árslok 2011 og hefur minnkað um 0,3% á tímabilinu.

Vegið eiginfjárhlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 59% og hækkar úr 58% frá árslokum 2011.

Hluthafar sjóðsins eru 75 talsins en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á umfram 10% í sjóðnum með 17,5% hlut.

Þann 16. apríl 2012 greiddi sjóðurinn í fyrsta sinn út arð. Arðgreiðslan nam 50% af hagnaði ársins 2011 og var 476 milljónir króna. Vísað er til ársreiknings um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

**Stjórnunarhættir**

Stjórn lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMC Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í júní 2009. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfunda, lögmæti ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra og hittir endurskoðendur reglulega auk þess sem stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd til að vera sér innan handar varðandi eftirlit með vinnuferlum reikningsskila, áhættustýringar og innra eftirlits.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

**Stjórnunarhættir frh.**

Á fyrri hluta árs 2012 voru haldnir 5 stjórnarfundir og 1 fundur í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og meirihluti endurskoðunarnefndar hafa mætt á alla fundi.

**Yfirlýsing**

Lánasjóði sveitarfélaga barst stefna þann 22. ágúst síðastliðinn frá lántaka vegna ágreinings um uppreikning á erlendu láni. Lánasjóðurinn hefur áður upplýst að hann efist ekki um lögmæti erlendra lánasamninga sinna og þeir dómar sem fallið hafa að undanförnu hafa styrkt þá skoðun. Það er skoðun sjóðsins og lögmanna hans að það sé ekki ástæða til að breyta því mati að lán sjóðsins standist lög.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er árshlutareikningur sjóðsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánuða ársins 2012.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2012

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Kristinn Jónasson

Elliði Vignisson

Helga Benediktsdóttir

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga**

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum gerður í samræmi við IAS 34 "Árshlutareikningar".

Reykjavík, 27. ágúst 2012

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

| | Skýr. | Árshlutauppgjör 30.júní 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 3.159.456.144 | 3.100.666.471 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (2.651.093.588) | (2.470.304.341) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | 5 | 508.362.556 | 630.362.130 |
| Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði | 6 | 1.997.065 | 25.318 |
| Hreinar gjaldeyrismunur | 7 | (6.276.443) | (48.588.035) |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | (4.279.378) | (48.562.717) |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 504.083.178 | 581.799.413 |
| Laun og launatengd gjöld | 8 | 27.389.721 | 24.491.244 |
| Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu | 9 | 13.183.999 | 13.184.746 |
| Árgjöld og eftirlitsgjöld FME | | 5.022.000 | 4.356.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 27.410.799 | 20.471.318 |
| Afskriftir | 17 | 597.814 | 597.814 |
| **Almennur rekstrarkostnaður** | | 73.604.333 | 63.101.122 |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 430.478.845 | 518.698.291 |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | 11 | 0,09 | 0,10 |

# Efnahagsreikningur

| | Skýr. | Árshlutauppgjör 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka ........................................... | 12 | 8.689.278.992 | 9.600.827.212 |
| Kröfur á lánastofnanir ................................................................ | 13 | 75.523.561 | 1.523.081.696 |
| Útlán og kröfur ........................................................................... | 14 | 62.371.841.165 | 60.875.293.903 |
| Skammtímaútlán ....................................................................... | 15 | 20.020.833 | 210.246.889 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði ................................................ | 16 | 103.156.717 | 101.424.755 |
| Rekstrarfjármunir ....................................................................... | 17 | 49.618.538 | 50.216.352 |
| Aðrar eignir ................................................................................ | | 401.478 | 891.034 |
| **Eignir samtals** | | 71.309.841.284 | 72.361.981.841 |
| **Skuldir** | | | |
| Verðbréfaútgáfa ......................................................................... | 18 | 44.745.609.837 | 43.163.566.960 |
| Aðrar langtímalántökur ............................................................. | 19 | 10.794.416.373 | 12.942.948.095 |
| Skammtímalántökur .................................................................. | 20 | 530.922.902 | 1.070.046.566 |
| Aðrar skuldir .............................................................................. | 21 | 101.606.570 | 2.925.402 |
| Lífeyrisskuldbinding ................................................................... | 22 | 53.195.883 | 53.383.944 |
| **Skuldir samtals** | | 56.225.751.565 | 57.232.870.967 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé ....................................................................................... | | 5.000.000.000 | 5.000.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður .............................................................. | | 1.250.000.000 | 1.250.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé .................................................................... | | 8.834.089.719 | 8.879.110.874 |
| **Eigið fé samtals** | 23 | 15.084.089.719 | 15.129.110.874 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 71.309.841.284 | 72.361.981.841 |

# Eiginfjáryfirlit

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 2011** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2011 .................. | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 7.927.670.658 | 14.177.670.658 |
| Hagnaður janúar-júní 2011 ........... | | | 518.698.291 | 518.698.291 |
| Eigið fé 30. júní 2011 .................... | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 8.446.368.949 | 14.696.368.949 |
| Hagnaður júní-desember 2011 ..... | | | 432.741.925 | 432.741.925 |
| Eigið fé 31. desember 2011 .......... | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 8.879.110.874 | 15.129.110.874 |
| | | | | |
| **Breytingar á eigin fé 2012** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2012 .................. | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 8.879.110.874 | 15.129.110.874 |
| Arðgreiðsla vegna ársins 2011 ...... | | | (475.500.000) | (475.500.000) |
| Hagnaður janúar-júní 2012 ........... | | | 430.478.845 | 430.478.845 |
| Eigið fé 30. júní 2012 .................... | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 8.834.089.719 | 15.084.089.719 |

# Sjóðstreymisyfirlit

| | Skýr. | Árshlutauppgjör 30.júní 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| | | 1.1.- 30.06.2012 | 1.1.- 30.06.2011 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 430.478.845 | 518.698.291 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 17 | 597.815 | 597.815 |
| Verðbætur og gengismunur | | (205.048.928) | (5.471.666) |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 22 | (188.061) | (69.042) |
| Söluhagnaður, gangvirðisbreytingar | | 0 | (25.318) |
| Skammtímalán veitt til sveitarfélaga, lækkun (hækkun) | | 190.000.000 | (10.000.000) |
| Skammtímalán tekin af sjóðnum, lækkun | | (539.410.500) | (328.082.157) |
| Aðrar eignir, lækkun | | 489.556 | 425.961 |
| Aðrar skuldir, hækkun | | 98.681.168 | 2.090.716 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (24.400.105) | 178.164.600 |
| | | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Veitt langtímalán | | (3.765.232.000) | (3.494.500.000) |
| Innheimt langtímalán | | 4.084.801.383 | 5.178.749.947 |
| Fjáreignir á gangvirði, breyting | | (1.731.962) | 0 |
| | | 317.837.421 | 1.684.249.947 |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Lántaka | | 2.903.664.236 | 3.308.280.885 |
| Afborganir langtímalána | | (5.080.707.906) | (5.229.323.645) |
| Arðgreiðsla til sveitarfélaga | | (475.500.000) | 0 |
| | | (2.652.543.670) | (1.921.042.760) |
| | | | |
| **Breyting á handbæru fé** | | (2.359.106.354) | (58.628.213) |
| | | | |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 11.123.908.908 | 11.301.301.315 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 8.764.802.554 | 11.242.673.102 |
| | | | |
| **Aðrar upplýsingar** | | | |
| Fengnir vextir | | 1.323.699.751 | 1.302.560.782 |
| Greiddir vextir | | (1.171.678.859) | (1.046.333.909) |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti árshlutareikning sjóðsins þann 27. ágúst 2012.

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. hefur verið kannaður en ekki endurskoðaður af endurskoðendum sjóðsins.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34, "Interim Financial Reporting". Árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2011. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá sjóðnum eða á vef hans www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ OMX Iceland hf., www.omxnordicexchange.com.

Árshlutareikningur er birtur í íslenskum krónum, sem er jafnframt starfsrækslugjaldmiðill sjóðsins.

## 3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2011.

## 4. Áhættustýring

### 4.1 Almenn stefna

Sem lánafyrirtæki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að greina alla helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi hans, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, og viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé framfylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Hann gerir tillögur til stjórnar um nánari reglur um hana, skilgreinir áhættuviðmið eftir því sem þörf krefur og hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt.

**4.1 Almenn stefna frh.**

Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra hinsvegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins en áhættuþættir eins og lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhættu er haldið í lágmarki en hún er þó til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

**4.2 Stefna varðandi einstaka áhættuþætti**

*Útlánaáhætta* lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Í lok júní 2012 eru 99% útlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

*Lausafjáráhætta* er hættan á að lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika.

*Mótaðilaáhætta* utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME. Áhætta á erlenda fjármálastofnun skal vera samþykkt af stjórn.

Varðandi rekstraráhættu er stefna lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna lánasjóðsins verið að útvista skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að minnka áhættu. Rekstur lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

Ekki er heimilt að festa fé lánasjóðsins í hlutabréfum, hrávörum eða fjármálagerningum sem tengdir eru verðþróun á þeim.

Stefna lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að samræmi sé milli eigna og skulda í erlendum myntum þannig að gjaldmiðlaáhætta skapist ekki. Misræmi eigna og skulda skal aldrei vera meira en 10% af eigin fé í hverri mynt fyrir sig og ekki meira en 10% fyrir heildargjaldeyrisjöfnuð.

### 4.3 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána, fjárhæð kemur fram í bókfærðu verði safnsins í efnahagsreikningi.

#### 4.3.1 Ferli við veitingu útlána

Farið er yfir lánsumsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar, samkvæmt útlánareglum sem stjórnin hefur sett og hægt er að nálgast samantekt þeirra á heimasíðu sjóðsins.

#### 4.3.2 Útlánasafnið

Eins og fram hefur komið takmarkast útlánaáhætta við íslensk sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Sveitarfélögin eru nú 75 talsins en þeim hefur farið fækkandi á undanförnum árum og staða þeirra sem lántakendur gagnvart lánasjóðnum því styrkst. Nú eru 57 þeirra lántakendur hjá lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögunum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi.

Í lok júní voru fjórir viðskiptamenn flokkaðir sem viðskiptamenn með stóra áhættuskuldbindingu hjá lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglur FME nr. 216/2007 ef heildarskuldbindingar að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru ábyrgir fyrir um 60% af heildarútlánum sjóðsins. Hámarksáhætta skv. lögum á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

#### 4.3.3 Virðisrýrnun útlána

Lánasjóðurinn starfar eftir þröngum skilyrðum til lánveitinga sem hefur stuðlað að því að lánasjóðurinn hefur aldrei þurft að afskrifa vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að hann hóf starfsemi árið 1967. Mat á útlánaáhættu hefur því aldrei leitt til virðisrýrnunar útlánasafnsins og lánasjóðurinn hefur því engan afskriftarreikning vegna mögulegra útlánatapa í bókum sínum. Þar að auki hefur sjóðurinn góðar tryggingar þar sem sveitarfélögum er heimilað, skv. 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur hjá sjóðnum og ábyrgðum sem þau veita.

#### 4.3.4 Hámark mótaðilaáhættu

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins. Eignir í efnahagsreikningi eru hreinir eignaliðir eins og þeir koma fram í efnahagsreikningi.

| | **Hámark mótaðilaáhættu** | |
|---|---|---|
| | **30.6.2012** | **31.12.2011** |
| **Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:** | | |
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 8.689 | 9.601 |
| Kröfur á lánastofnanir | 76 | 1.523 |
| Útlán og kröfur á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra | 62.392 | 61.086 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði | 103 | 101 |
| Aðrar eignir | 0 | 1 |
| **Samtals mótaðilaáhætta** | 71.260 | 72.312 |

#### 4.3.5 Útlánaeftirlit

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á árinu 2012 hefur ekki komið ekki til þess að sjóðurinn beiti veði sínu í tekjum.

### 4.4 Lausafjáráhætta

Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Lánasjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt greiðsluskuldbindingum. Eftirfarandi töflur sýna greiðsluflæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur.

| **Staða 30.06.2012 í m.kr.** | **0-1 mánuðir** | **1 til 3 mánuðir** | **3 til 12 mánuðir** | **1 til 5 ár** | **Yfir 5 ár** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | | |
| Handbært fé ........................................... | 8.765 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8.765 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .............. | 103 | 0 | 0 | 0 | 0 | 103 |
| Útlán ....................................................... | 216 | 2.655 | 3.977 | 22.705 | 32.839 | 62.392 |
| **Samtals fjáreignir** | 9.084 | 2.655 | 3.977 | 22.705 | 32.839 | 71.260 |
| **Fjárskuldir** | | | | | | |
| Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur ........... | 650 | 2.090 | 2.987 | 18.942 | 31.402 | 56.071 |
| **Samtals fjárskuldir** | 650 | 2.090 | 2.987 | 18.942 | 31.402 | 56.071 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 8.434 | 565 | 990 | 3.763 | 1.437 | 15.189 |

| **Staða 31.12.2011 í m.kr.** | **0-1 mánuðir** | **1 til 3 mánuðir** | **3 til 12 mánuðir** | **1 til 5 ár** | **Yfir 5 ár** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | | |
| Handbært fé ........................................... | 11.124 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11.124 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .............. | 101 | 0 | 0 | 0 | 0 | 101 |
| Útlán ....................................................... | 37 | 2.535 | 4.082 | 21.431 | 33.001 | 61.086 |
| **Samtals fjáreignir** | 11.262 | 2.535 | 4.082 | 21.431 | 33.001 | 72.311 |
| **Fjárskuldir** | | | | | | |
| Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur ........... | 1.091 | 5.096 | 2.559 | 17.897 | 30.534 | 57.177 |
| **Samtals fjárskuldir** | 1.091 | 5.096 | 2.559 | 17.897 | 30.534 | 57.177 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 10.171 | (2.561) | 1.523 | 3.534 | 2.467 | 15.134 |

| **Lausafjárþekjuhlutfall** | **30.6.2012** | **31.12.2011** |
|---|---|---|
| Lausafé ........................................................................................................... | 8.765 | 11.124 |
| Útflæði næstu þrjátíu daga .................................................................................. | 650 | 1.091 |
| | **1.348%** | **1.020%** |

| **Nettó stöðugt fjármögnunarhlutfall** | **30.6.2012** | **31.12.2011** |
|---|---|---|
| Stöðug fjármögnun ........................................................................................... | 21.840 | 9.700 |
| Stöðug fjármögnununarþörf ................................................................................ | 5.727 | 8.746 |
| | **381%** | **111%** |

Nettó stöðugt fjármögnunarhlutfall miðar að því að mæla stöðuga fjármögnun sem hægt er að treysta á sem hlutfall af stöðugri fjármögnungarþörf yfir eins árs tímabil. Til að meta stöðuga fjármögnun notast sjóðurinn við heildar tilboð í útboðum undanfarna þrjá mánuði og reiknar það upp miðað við tólf mánaða tímabil. Til að meta stöðuga fjármögnunarþörf horfir sjóðurinn til heildarendurgreiðslna sinna á árinu og gengur útfrá því að þurfa að endurfjármagna allar skuldir sína.

## 4.4 Lausafjáráhætta frh.

**Greiðsluferill fjáreigna og fjárskulda án vaxta eftir mynt í m.kr. 30.06.2012.**

| | Verðtryggt ISK | Óverðtr. ISK | EUR | USD | JPY | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | | | |
| Árið 2012 .............................. | 3.411 | 8.813 | 629 | 67 | 15 | 10 | 12.945 |
| Árið 2013 .............................. | 4.609 | 0 | 1.062 | 127 | 30 | 16 | 5.844 |
| Árið 2014 .............................. | 4.425 | 0 | 1.062 | 127 | 30 | 16 | 5.660 |
| Árið 2015 .............................. | 4.338 | 0 | 1.063 | 127 | 30 | 16 | 5.574 |
| Árið 2016 .............................. | 4.270 | 0 | 1.445 | 327 | 30 | 16 | 6.088 |
| Eftir árið 2016 ....................... | 30.198 | 0 | 4.147 | 369 | 135 | 300 | 35.149 |
| **Samtals fjáreignir** | 51.251 | 8.813 | 9.408 | 1.144 | 270 | 374 | 71.260 |
| | | | | | | | |
| **Fjárskuldir** | | | | | | | |
| Árið 2012 .............................. | 2.208 | 531 | 556 | 56 | 0 | 0 | 3.351 |
| Árið 2013 .............................. | 3.323 | 0 | 1.069 | 107 | 0 | 0 | 4.499 |
| Árið 2014 .............................. | 3.384 | 0 | 1.069 | 107 | 0 | 0 | 4.560 |
| Árið 2015 .............................. | 3.466 | 0 | 1.069 | 107 | 0 | 0 | 4.642 |
| Árið 2016 .............................. | 3.552 | 0 | 1.452 | 307 | 0 | 0 | 5.311 |
| Eftir árið 2016 ....................... | 29.739 | 0 | 3.822 | 147 | 0 | 0 | 33.708 |
| **Samtals fjárskuldir** | 45.672 | 531 | 9.037 | 831 | 0 | 0 | 56.071 |

**Greiðsluferill fjáreigna og fjárskulda án vaxta eftir mynt í m.kr. 31.12.2011.**

| | Verðtryggt ISK | Óverðtr. ISK | EUR | USD | JPY | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | | | |
| Árið 2012 .............................. | 5.297 | 9.923 | 2.486 | 127 | 30 | 17 | 17.880 |
| Árið 2013 .............................. | 4.310 | 0 | 935 | 124 | 30 | 16 | 5.415 |
| Árið 2014 .............................. | 4.127 | 0 | 935 | 124 | 30 | 16 | 5.232 |
| Árið 2015 .............................. | 4.036 | 0 | 936 | 124 | 30 | 16 | 5.142 |
| Árið 2016 .............................. | 3.961 | 0 | 1.320 | 319 | 30 | 16 | 5.646 |
| Eftir árið 2016 ....................... | 27.637 | 0 | 4.420 | 508 | 136 | 295 | 32.996 |
| **Samtals fjáreignir** | 49.368 | 9.923 | 11.032 | 1.326 | 286 | 376 | 72.311 |
| | | | | | | | |
| **Fjárskuldir** | | | | | | | |
| Árið 2012 .............................. | 4.872 | 1.070 | 2.549 | 254 | 0 | 0 | 8.745 |
| Árið 2013 .............................. | 3.055 | 0 | 1.073 | 104 | 0 | 0 | 4.232 |
| Árið 2014 .............................. | 3.109 | 0 | 1.073 | 104 | 0 | 0 | 4.286 |
| Árið 2015 .............................. | 3.183 | 0 | 1.073 | 104 | 0 | 0 | 4.360 |
| Árið 2016 .............................. | 3.260 | 0 | 1.457 | 299 | 0 | 0 | 5.016 |
| Eftir árið 2016 ....................... | 26.554 | 0 | 3.838 | 146 | 0 | 0 | 30.538 |
| **Samtals fjárskuldir** | 44.033 | 1.070 | 11.063 | 1.011 | 0 | 0 | 57.177 |

### 4.5 Vaxtaáhætta

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

**Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins m.v. 30.06.2012 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.**

| **Fjáreignir** | **0-1 ár** | **1-5 ár** | **5-10 ár** | **Yfir 10 ár** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| ISK óverðtryggt | 8.813 | 0 | 0 | 0 | 8.813 |
| ISK verðtryggt | 9.976 | 14.269 | 17.542 | 9.464 | 51.251 |
| EUR | 9.408 | 0 | 0 | 0 | 9.408 |
| USD | 1.144 | 0 | 0 | 0 | 1.144 |
| JPY | 270 | 0 | 0 | 0 | 270 |
| CHF | 193 | 0 | 0 | 0 | 193 |
| SEK | 71 | 0 | 0 | 0 | 71 |
| CAD | 63 | 0 | 0 | 0 | 63 |
| GBP | 47 | 0 | 0 | 0 | 47 |
| **Samtals fjáreignir** | 29.985 | 14.269 | 17.542 | 9.464 | 71.260 |
| | | | | | |
| **Fjárskuldir** | | | | | |
| ISK óverðtryggt | 531 | 0 | 0 | 0 | 531 |
| ISK verðtryggt | 3.995 | 13.882 | 17.817 | 9.978 | 45.672 |
| EUR | 9.037 | 0 | 0 | 0 | 9.037 |
| USD | 831 | 0 | 0 | 0 | 831 |
| **Samtals fjárskuldir** | 14.394 | 13.882 | 17.817 | 9.978 | 56.071 |

**Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins m.v. 31.12.2011 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.**

| **Fjáreignir** | **0-1 ár** | **1-5 ár** | **5-10 ár** | **Yfir 10 ár** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| ISK óverðtryggt | 9.923 | 0 | 0 | 0 | 9.923 |
| ISK verðtryggt | 9.935 | 13.183 | 16.021 | 10.229 | 49.368 |
| EUR | 11.032 | 0 | 0 | 0 | 11.032 |
| USD | 1.326 | 0 | 0 | 0 | 1.326 |
| JPY | 286 | 0 | 0 | 0 | 286 |
| CHF | 196 | 0 | 0 | 0 | 196 |
| SEK | 71 | 0 | 0 | 0 | 71 |
| CAD | 63 | 0 | 0 | 0 | 63 |
| GBP | 46 | 0 | 0 | 0 | 46 |
| **Samtals fjáreignir** | 32.878 | 13.183 | 16.021 | 10.229 | 72.311 |
| | | | | | |
| **Fjárskuldir** | | | | | |
| ISK óverðtryggt | 1.070 | 0 | 0 | 0 | 1.070 |
| ISK verðtryggt | 5.025 | 13.218 | 16.839 | 8.951 | 44.033 |
| EUR | 11.063 | 0 | 0 | 0 | 11.063 |
| USD | 1.011 | 0 | 0 | 0 | 1.011 |
| **Samtals fjárskuldir** | 18.169 | 13.218 | 16.839 | 8.951 | 57.177 |

**Vaxtanæmni**

Greining á nettóvaxtanæmni miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækkar hreinar vaxtatekjur lánasjóðsins um 137 milljónir króna eða 0,91% af eigin fé.

**4.5 Vaxtaáhætta frh.**

| **Áhrif verðtryggingar** | **30.6.2012** | **31.12.2011** |
|---|---|---|
| Verðtryggðar eignir | 51.251 | 49.368 |
| Verðtryggðar skuldir | 45.672 | 44.033 |
| **Nettó verðtryggingarstaða** | **5.579** | **5.335** |

**4.6 Gjaldmiðlaáhætta**

Eins og kemur fram í skýringu nr. 4.2 er meginstefna lánasjóðsins að hafa sem mest jafnvægi milli eigna hans og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu lánasjóðsins.

**Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 30.06.2012**

| | **EUR** | **USD** | **JPY** | **Aðrar myntir** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | |
| Handb.fé og bundin innlán | 74 | 0 | 0 | 0 | 74 |
| Útlán | 9.334 | 1.144 | 270 | 374 | 11.122 |
| **Samtals fjáreignir** | 9.408 | 1.144 | 270 | 374 | 11.196 |
| **Fjárskuldir** | | | | | |
| Lántökur | 9.037 | 831 | 0 | 0 | 9.868 |
| **Samtals fjárskuldir** | 9.037 | 831 | 0 | 0 | 9.868 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 371 | 313 | 270 | 374 | 1.328 |

**Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2011**

| | **EUR** | **USD** | **JPY** | **Aðrar myntir** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | |
| Handb.fé og bundin innlán | 1.512 | 0 | 0 | 0 | 1.512 |
| Útlán | 9.520 | 1.326 | 286 | 376 | 11.508 |
| **Samtals fjáreignir** | 11.032 | 1.326 | 286 | 376 | 13.020 |
| **Fjárskuldir** | | | | | |
| Lántökur | 11.063 | 1.011 | 0 | 0 | 12.074 |
| **Samtals fjárskuldir** | 11.063 | 1.011 | 0 | 0 | 12.074 |
| **Nettó eignir - skuldir** | (31) | 315 | 286 | 376 | 946 |

# Skýringar

## 5. Hreinar vaxtatekjur

| | 1.1.- 30.06.2012 | 1.1.- 30.06.2011 |
|---|---|---|
| **Vaxtatekjur og verðbætur** | | |
| Útlán og kröfur | 2.986.084.450 | 2.891.383.739 |
| Handbært fé og skammtímakröfur | 173.371.694 | 209.282.732 |
| | 3.159.456.144 | 3.100.666.471 |
| **Vaxtagjöld og verðbætur** | | |
| Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur | 2.651.093.588 | 2.470.304.341 |

## 6. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

| | 1.1.- 30.06.2012 | 1.1.- 30.06.2011 |
|---|---|---|
| − Peningamarkaðsbréf | 1.997.065 | 25.318 |

## 7. Hreinn gjaldeyrismunur

| | 1.1.- 30.06.2012 | 1.1.- 30.06.2011 |
|---|---|---|
| Útlán | 41.778.080 | 903.050.954 |
| Lántökur | (48.056.099) | (951.638.989) |
| Kröfur á lánastofnanir | 1.576 | 0 |
| | (6.276.443) | (48.588.035) |

## 8. Laun og launatengd gjöld

Í lok tímabilsins unnu 3 starfsmenn hjá sjóðnum. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustuþáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

| | 1.1.- 30.06.2012 | 1.1.- 30.06.2011 |
|---|---|---|
| Laun | 22.545.015 | 20.127.129 |
| Lífeyriskostnaður | 2.361.092 | 2.133.038 |
| Önnur launatengd gjöld | 2.483.614 | 2.231.077 |
| | 27.389.721 | 24.491.244 |
| Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri | 9.077.335 | 8.283.096 |
| **Stjórnarmenn:** | | |
| Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður | 538.730 | 499.476 |
| Kristinn Jónasson | 359.152 | 332.982 |
| Svanfríður Inga Jónasdóttir | 359.152 | 332.982 |
| Elliði Vignisson | 359.152 | 332.982 |
| Helga Benediktsdóttir | 181.623 | 0 |
| Bryndís Gunnlaugsdóttir | 177.529 | 0 |
| Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir | 0 | 332.982 |
| Jónmundur Guðmarsson, varamaður | 0 | 55.497 |
| Ásta Stefánsdóttir, varamaður | 0 | 55.497 |
| | 1.975.338 | 1.942.398 |

## 9. Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu

| | 1.1.- 30.06.2012 | 1.1.- 30.06.2011 |
|---|---|---|
| Viðskiptavakt ........ | 6.878.452 | 9.000.000 |
| Gjöld vegna verðbréfaútgáfu ........ | 2.452.784 | 1.020.917 |
| Árlegur kostnaður vegna skuldabréfa ........ | 3.852.763 | 3.163.829 |
| | 13.183.999 | 13.184.746 |

## 10. Annar rekstrarkostnaður

| | 1.1.- 30.06.2012 | 1.1.- 30.06.2011 |
|---|---|---|
| Tölvur og tölvukerfi ........ | 10.881.341 | 5.092.629 |
| Þjónustusamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga ........ | 7.313.928 | 6.935.196 |
| Rekstur húsnæðis ........ | 2.257.906 | 2.084.143 |
| Endurskoðun og tengd þjónusta ........ | 1.868.288 | 1.850.666 |
| Ferðakostnaður ........ | 1.708.563 | 1.142.333 |
| Sérfræðiþjónusta ........ | 1.538.275 | 1.702.100 |
| Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld ........ | 397.225 | 262.096 |
| Gestamóttaka og risna ........ | 183.833 | 48.022 |
| Önnur rekstrargjöld ........ | 1.261.440 | 1.354.133 |
| | 27.410.799 | 20.471.318 |

## 11. Hagnaður á hlut

| | 1.1.- 30.06.2012 | 1.1.- 30.06.2011 |
|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins ........ | 430.478.845 | 518.698.291 |
| Vegið meðaltal hlutafjár á tímabilinu ........ | 5.000.000.000 | 5.000.000.000 |
| Hagnaður á hlut ........ | 0,09 | 0,10 |

## 12. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Óbundnar innstæður í Seðlabanka ........ | 576.690.659 | 1.089.678.045 |
| Innstæðubréf Seðlabanka Íslands ........ | 8.112.588.333 | 8.511.149.167 |
| | 8.689.278.992 | 9.600.827.212 |

Sjóður og innstæður í Seðlabanka ásamt kröfum á lánastofnanir mynda handbært fé í lok tímabilsins í samræmi við sjóðstreymisyfirlit að fjárhæð samtals 8.764 milljónir.

## 13. Kröfur á lánastofnanir

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Bankareikningar ........ | 75.523.561 | 1.523.081.696 |

## 14. Útlán og kröfur

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Útlán og kröfur greinast þannig: | | |
| Útlán í erlendri mynt | 11.121.303.967 | 11.507.647.144 |
| Verðtryggð útlán | 51.250.537.198 | 49.367.646.759 |
| | 62.371.841.165 | 60.875.293.903 |

## 15. Skammtímaútlán

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| ISK lán (óverðtryggð) | 20.020.833 | 210.246.889 |

## 16. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Hlutdeildarskírteini | 103.156.717 | 101.424.755 |

Lánasjóðurinn var með útistandandi afleiðusamninga við Glitni banka hf. þegar hann fór í greiðslustöðvun í nóvember 2008 og við það stöðvuðust greiðslur milli lánasjóðsins og Glitnis banka á þeim samningum sem þá voru í gildi. Útistandandi nettó krafa lánasjóðsins á hendur þrotabús Glitnis banka hf. var að fjárhæð 1.472 milljónir í árslok 2008. Þessi krafa var færð niður í núll í ársreikningi lánasjóðsins 2008 vegna óvissu um greiðslur frá Glitni banka hf. vegna samninganna og stendur enn í núll. Heildarkröfu að fjárhæð 5.631 milljónir var lýst í þrotabú Glitnis banka í nóvember 2009 og hefur lánasjóðnum borist svar frá skilanefnd Glitnis banka. Viðræður um kröfuna standa yfir og standa vonir til að þeim ljúki með samkomulagi.

Skuldabréf útgefið af SPRON var fært að fullu niður í bókum sjóðsins á árinu 2009 eða sem nam 113 milljónum króna. Kröfu að fjárhæð 144 milljónum var lýst í þrotabú SPRON þann 21. janúar 2010. Samkvæmt kröfuhafalista SPRON sem dagsettur var 10. mars 2010 var samþykkt fjárhæð kröfu 135 milljónir króna. Áætlanir skilanefndar benda til þess að endurheimtur verði undir 5%.

## 17. Rekstrarfjármunir

**Árið 2011:**

| | |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 51.411.980 |
| Afskriftir | (1.195.628) |
| Bókfært verð í árslok | 50.216.352 |
| Bókfært verð í árslok 2011 greinist þannig: | |
| Kostnaðarverð | 59.781.372 |
| Samsafnaðar afskriftir | (9.565.020) |
| Bókfært verð í árslok | 50.216.352 |

**Árið 2012:**

| | |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 50.216.352 |
| Afskriftir tímabilsins | (597.814) |
| Bókfært verð í lok tímabils | 49.618.538 |
| Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig: | |
| Kostnaðarverð | 59.781.372 |
| Samsafnaðar afskriftir | (10.162.834) |
| Bókfært verð í lok tímabils | 49.618.538 |

## 18. Verðbréfaútgáfa

| | Vegin meðaltals vaxtaprósenta* | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | 2011 | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
| Óskráð skuldabr.útg., lokagj. 2013 ............................. | 5,00% | 5,00% | 37.944.752 | 35.747.186 |
| LSS '03, lokagjalddagi 2018 ....................................... | 5,17% | 5,17% | 705.574.468 | 738.239.603 |
| LSS '04, lokagjalddagi 2019 ....................................... | 4,08% | 4,08% | 1.602.530.306 | 1.516.546.518 |
| LSS '05-1, lokagjalddagi 2012 .................................... | 4,16% | 4,16% | 0 | 1.175.951.674 |
| LSS '05-2, lokagjalddagi 2022 .................................... | 4,30% | 4,30% | 5.689.094.025 | 6.156.023.060 |
| LSS '05-4, lokagjalddagi 2020 .................................... | 4,11% | 4,11% | 1.008.095.481 | 954.475.677 |
| LSS 150224, lokagjalddagi 2024 ............................... | 4,95% | 5,33% | 27.173.440.370 | 25.448.969.748 |
| LSS 150434, lokagjalddagi 2034 ............................... | 3,33% | - | 1.306.194.459 | 0 |
| LSS '08 1, lokagjalddagi 2034 ................................... | 5,25% | 5,25% | 7.222.735.976 | 7.137.613.494 |
| | | | 44.745.609.837 | 43.163.566.960 |

* Vegin meðaltals vaxtaprósenta er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

## 19. Aðrar lántökur

| | Vegið meðaltals vaxtaálag | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | 2011 | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
| EUR lán (EURIBOR + álag) ....................................... | 0,22% | 0,21% | 9.037.251.412 | 11.062.746.179 |
| USD lán (LIBOR + álag) ............................................. | 0,17% | 0,17% | 830.783.285 | 1.011.060.265 |
| ISK lán (verðtryggð) .................................................. | 6,09% | 6,09% | 926.381.676 | 869.141.651 |
| | | | 10.794.416.373 | 12.942.948.095 |

## 20. Skammtímalántökur

| | | | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|---|
| ISK lán (óverðtryggð) ................................................ | 5,00% | 3,91% | 530.922.902 | 1.070.046.566 |

## 21. Aðrar skuldir

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur vegna arðgreiðslu ................................ | 95.100.000 | 0 |
| Aðrir lánadrottnar ....................................................................................... | 4.274.219 | 682.476 |
| Ógreidd launatengd gjöld ......................................................................... | 2.232.351 | 2.242.926 |
| | 101.606.570 | 2.925.402 |

### 22. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni hefur farið fram og er hún færð í ársreikninginn í lok hvers árs miðað við 2,0% ársvexti og lífslíkur skv. reynslu áranna 2004-2008. Miðað er við 65 ára ellilífeyrisaldur starfandi sjóðfélaga við útreikning skuldbindingarinnar.

| Lífeyrisskuldbinding greinist þannig: | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Frá fyrra ári ................................................................................................ | 53.383.944 | 54.105.946 |
| Greiddur lífeyrir á árinu ............................................................................ | (188.061) | (228.928) |
| Lækkun skuldbindingar ............................................................................. | 0 | (493.074) |
| | 53.195.883 | 53.383.944 |

## 23. Eigið fé

| | |
|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun | 15.129.110.874 |
| Arðgreiðsla | (475.500.000) |
| Hagnaður tímabilsins | 430.478.845 |
| **Eigið fé í lok tímabils** | 15.084.089.719 |

Í lok tímabilsins nemur heildarhlutafé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Eigið fé í lok tímabilsins nam 15.084 milljónum króna eða 21% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall (CAD) reiknað út frá Basel II er nú 59% en var í árslok 2011 58%. Samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki má eiginafjárhlutfallið (CAD) ekki vera lægra en 8%.

| Hlutfallið reiknast þannig: | **Bókfærð staða** | **Vegin staða** |
|---|---|---|
| | | **30.6.2012** |
| Áhættugrunnur | | |
| Bókfærðar eignir | 71.309.841.284 | 21.565.914.493 |
| Markaðsáhætta | | 1.338.901.000 |
| Rekstraráhætta | | 2.673.927.413 |
| Áhættugrunnur samtals | 71.309.841.284 | 25.578.742.906 |
| Eigið fé: | | |
| Bókfært eigið fé | 15.084.089.719 | 15.084.089.719 |
| Eigið fé samtals | 15.084.089.719 | 15.084.089.719 |
| Eiginfjárhlutfall (CAD) | | 59% |

## 24. Venslaðir aðilar

Venslaðir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórn og varastjórn sjóðsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem eru á meðal 10 stærstu hluthafa sjóðsins. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Upplýsingar um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila eru sem hér segir:

| | **2012** | **2011** |
|---|---|---|
| Staða 1. janúar | 34.476.464.717 | 35.857.270.216 |
| Ný lán | 2.332.232.000 | 3.748.549.832 |
| Afborganir lána | (2.713.564.729) | (7.624.970.653) |
| Aðrar breytingar | 866.096.549 | 2.495.615.322 |
| Staða í lok tímabils | 34.961.228.537 | 34.476.464.717 |

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til venslaðra aðila.

Engin óvenjuleg viðskipti hafa átt sér stað við venslaða aðila á árinu 2012.

## 25. Lánveitingar

Hér að neðan má sjá sundurliðun á árslokastöðu lána þeirra sveitarfélaga sem eru lántakar hjá lánasjóðnum, samtals 57.128 m.kr. Auk þess hefur lánasjóðurinn veitt lán til fyrirtækja sem eru 100% í eigu sveitarfélaga að heildarfjárhæð 5.263 m.kr.

| Sveitarfélag | Fjárhæð m.kr. | Íbúafj. 31.12.´11 | Sveitarfélag | Fjárhæð m.kr. | Íbúafj. 31.12.´11 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 7.435 | 26.486 | Djúpavogshreppur | 327 | 461 |
| Kópavogsbær | 5.849 | 31.205 | Rangárþing eystra | 326 | 1741 |
| Sveitarfél. Árborg | 4.130 | 7.783 | Húnaþing vestra | 317 | 1.187 |
| Fjarðabyggð | 3.528 | 4.600 | Sveitarfél. Hornafjörður | 287 | 2.143 |
| Akureyrarkaupstaður | 3.093 | 17.875 | Þingeyjarsveit | 280 | 915 |
| Mosfellsbær | 2.760 | 8.854 | Dalabyggð | 254 | 686 |
| Fljótsdalshérað | 2.342 | 3.408 | Fjallabyggð | 248 | 2035 |
| Reykjanesbær | 2.184 | 14.137 | Mýrdalshreppur | 234 | 459 |
| Ísafjarðarbær | 2.079 | 3.755 | Langanesbyggð | 203 | 512 |
| Sveitarfél. Skagafjörður | 1.992 | 4.024 | Sveitarfélagið Ölfus | 202 | 1.930 |
| Akraneskaupstaður | 1.895 | 6.592 | Eyjafjarðarsveit | 165 | 1.031 |
| Sveitarfélagið Álftanes | 1.716 | 2.419 | Vopnafjarðarhreppur | 164 | 670 |
| Borgarbyggð | 1.548 | 3.470 | Skaftárhreppur | 162 | 443 |
| Sandgerðisbær | 1.392 | 1.672 | Breiðdalshreppur | 160 | 190 |
| Garðabær | 1.392 | 11.283 | Grímsnes- og Grafningshrep| | 149 | 416 |
| Hveragerðisbær | 1.041 | 2.283 | Hörgársveit | 121 | 584 |
| Stykkishólmsbær | 1.007 | 1.108 | Seltjarnarneskaupstaður | 107 | 4313 |
| Reykjavíkurborg | 902 | 118.814 | Húnavatnshreppur | 96 | 412 |
| Grundarfjarðarbær | 846 | 899 | Reykhólahreppur | 63 | 271 |
| Norðurþing | 838 | 2.884 | Tálknafjarðarhreppur | 48 | 276 |
| Vesturbyggð | 677 | 910 | Hvalfjarðarsveit | 36 | 627 |
| Blönduósbær | 642 | 871 | Grýtubakkahreppur | 29 | 350 |
| Snæfellsbær | 629 | 1737 | Flóahreppur | 28 | 602 |
| Bláskógabyggð | 594 | 906 | Strandabyggð | 27 | 516 |
| Rangárþing ytra | 564 | 1504 | Súðavíkurhreppur | 24 | 182 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 548 | 677 | Skeiða- og Gnúpverjahreppu | 20 | 504 |
| Dalvíkurbyggð | 544 | 1900 | Kaldrananeshreppur | 19 | 104 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 471 | 889 | Borgarfjarðarhreppur | 2 | 129 |
| Hrunamannahreppur | 392 | 774 | | | |

Lánasjóðurinn hefur fengið skriflega heimild frá lántakendum sínum til birtingar upplýsinga um stöðu lána þeirra hjá sjóðnum. Þetta er til þess að geta birt í opinberum gögnum s.s. ársskýrslum og fyrir fjárfestum sundurliðaðar upplýsingar um útlán sjóðsins og hvernig þau skiptast á milli sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu. Heimildarinnar var aflað í samræmi við 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.